

0146. fundur stjórnar HÖFÐA hjúkrunar- og dvalarheimilis haldinn 24. júní 2024 kl. 16.30 á Höfða

Stjórnarmenn:

Einar Brandsson formaður
Björn Guðmundsson varaformaður
Elsa Lára Arnardóttir
Helgi Pétur Ottesen
Aldís Þorbjörnsdóttir fulltrúi starfsfólks

Starfsmenn:

Ólína Ingibjörg Gunnarsdóttir hjúkrunarforstjóri
Kjartan Kjartansson framkvæmdastjóri

Dagskrá:

1) Vistunarmál

Staðfest vistun fyrir fjóra einstaklinga, sjá trúnaðarbók.

Staða á biðlistum 24.6.2024:

Hjúkrunarrými: 60 einstaklingar.
Hvíldarinnlagnir: 46 einstaklingar.

2) Rekstraryfirlit 1. janúar til 31. mars 2023

Framkvæmdastjóri fór yfir framlagt rekstraryfirlit fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins.

3) Skipun í starfshóp varðandi rekstrarform Höfða

Lögð fram drög að erindisbréfi starfshóps um starfsemi og rekstur Höfða.

Stjórn Höfða tilnefnir Elsu Láru Arnardóttur og Helga Pétur Ottesen sem fulltrúa Höfða í starfshópinn. Auk þeirra verður framkvæmdastjóri Höfða verkefnisstjóri starfshópsins.

4) Stækkun Höfða

Til skoðun er að stækka núverandi húsnæði Höfða með því að byggja tvær hæðir ofan á þriðja og fyrsta áfanga Höfða. Forsenda stækkunar er að gerð verði viljayfirlýsing milli Höfða og heilbrigðisráðuneytisins um fjölgun hjúkrunarrýma um 29. Einnig er forsenda stækkunar að samkomulag náist við ríkisvaldið um fjármögnun framkvæmda og er þar horft til samningagerðar um leigugreiðslur fyrir húsnæði heimilisins samanber boðað breytt fyrirkomulag fasteigna hjúkrunarheimila. Eftir stækkun yrði allt að 99 hjúkrunarrými á Höfða. Stjórn Höfða felur framkvæmdastjóra að rita formlegt erindi til heilbrigðisráðherra vegna málsins.

5) Fundargerð Framkvæmdanefndar Höfða frá 13.6.2024

Lögð fram.

6) Lánessamningur vegna endurnýjunar þak- og útveggjaklæðningar

Stjórn Höfða felur framkvæmdastjóra að undirrita lánessamning við Akraneskaupstað um brúarlán vegna fjármögnunar á framkvæmdatíma verksins „endurnýjun þak- og útveggjaklæðninga“. Fjárhæð lánessamnings er allt að 120 mkr. Að framkvæmdum loknum verður gengið frá langtímafjármögnun eins gert hefur verið varðandi aðrar stórar endurbætur á húsnæði heimilisins.

7) Starfsmannamál

a) Störf hjúkrunardeildarstjóra.

Þann 22. apríl sl. var auglýst eftir hjúkrunardeildarstjórum á Höfða. Um er að ræða störf hjúkrunardeildarstjóra á Jaðri, Ytri Hólmi og Innri Hólmi.

Alls bárust 3 umsóknir.

Stjórn Höfða staðfestir eftirfarandi ráðningar:

- Pórlína Jóna Sveinbjörnsdóttir í 90% stöðu hjúkrunardeildarstjóra á Jaðri.
- Þorbjörg Sigurðardóttir í 90% stöðu hjúkrunardeildarstjóra á Ytri Hólmi.
- Kolbrún Hrönn Harðardóttir í 90% stöðu hjúkrunardeildarstjóra á Innri Hólmi.

b) Minnisblað framkvæmdastjóra varðandi viðauka 8 í kjarasamningi Sameykis og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Stjórn Höfða samþykkir að samkomulag milli Akraneskaupstaðar og Verkalýðsfélags

Akraness sem samþykkt var á stjórnarfundum Höfða 16. febrúar 2016 sé fallið úr gildi

þar sem ekki er lengur forsenda fyrir samkomulaginu varðandi viðauka 8 eftir innleiðingu á betri vinnutíma vaktavinnufólks.

c) Trúnaðarmál

Afgreiðsla trúnaðarmál.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:48